

Tillaga til þingsályktunar

um endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins Íslands.

Flm.: Birgitta Jónsdóttir, Jón Þór Ólafsson, Helgi Hrafn Gunnarsson.

Alþingi ályktar að fara beri að skýrum vilja meiri hluta kjósenda eins og hann birtist í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október 2012 og skorar á forsætisráðherra að hafa þessa ályktun að leiðarljósi við endurskoðun stjórnarskrár lýðveldisins á yfirstandandi kjörtímabili. Í þeirri vinnu skuli tekið fullt tillit til þess mikla starfs sem fólkið í landinu, stjórnlagaráð og Alþingi lögðu sameiginlega af mörkum við endurskoðun stjórnarskrárinnar á liðnu kjörtímabili.

Greinargerð.

Stjórnskipun Íslands byggist á þeirri grunnhugmynd vestrænna lýðræðisríkja að allt ríkisvald sé sprottið frá þjóðinni og að þjóðin sé stjórnarskrárgjafinn. Afdráttarlaus vilji kjósenda varðandi nýja stjórnarskrá liggur fyrir í veigamiklum atriðum eftir ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu sem Alþingi boðaði til og haldin var 20. október 2012.

Alþingi býr nú sem stendur við fordæmalaust vantraust almennings í landinu. Í skýrslu Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands um traust til Alþingis, sem gefin var út í maí 2013, kemur fram að mikill meiri hluti svarenda taldi að það mundi auka traust þeirra til Alþingis mikið eða nokkuð mikið ef starf þess væri markvissara (93%). Þegar Alþingi spyr þjóðina áhlits í jafnveigamiklu máli og gert var 20. október 2012 er ekki óeðlilegt að Alþingi lýsi því yfir að taka skuli mark á niðurstöðunni og hlíta henni, annað er ómarkvisst.

Forsætisráðherra skipaði stjórnarskrárnefnd 6. nóvember 2013 og í henni eiga sæti fulltrúar frá öllum stjórnsmálaflokkum sem eiga sæti á Alþingi. Um vinnu nefndarinnar segir í minnisblaði forsætisráðherra:

„Hliðsjón verður höfð af vinnu undanfarinna ára um efnið, meðal annars tillögum stjórnlagaráðs og stjórnlaganefndar, niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslu og starfi stjórnarskrárnefndar sem starfaði 2005–2007. Þá verði nýlegar stjórnarskrárbreytingar í nágrannalöndum einnig hafðar til hliðsjónar, sem og önnur þróun í stjórnarskrármálum á alþjóðavettvangi. Nefndin gerir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis grein fyrir framvindu nefndarstarfsins eftir því sem eðlilegt er. Óskað verður eftir því að vinnu nefndarinnar ljúki tímanlega svo að hægt sé að samþykka frumvarp á yfirstandandi kjörtímabili en unnt er að áfangaskipta vinnunni eftir því sem henta þykir. Nefndin ákveður að öðru leyti sjálf verklag sitt.“

Tillaga þessi var flutt á 143. löggjafarþingi (8. mál) en hlaut ekki afgreiðslu. Flutningsmenn tillögunnar fagna vilja forsætisráðherra til að halda áfram og ljúka farsælega starfi við endurskoðun stjórnarskrárinnar og vilja með endurflutningi þessarar tillögu til þingsályktunar gefa þingmönnum tækifæri til þess að veita áframhaldandi ferli aukið vægi með því að lýsa því yfir af hálfu Alþingis að fara skuli að vilja kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október 2012 og taka skuli fullt tillit til þess starfs sem fram fór á liðnu kjörtímabili af hálfu stjórnlaganefndar, þjóðfundar, stjórnlagaráðs og Alþingis.

Fylgiskjal I.**Spurningar í Þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.**

1. Vilt þú að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá?
2. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu lýstar þjóðareign?
3. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?
4. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meira mæli en nú er?
5. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að atkvæði kjósenda alls staðar að af landinu vegi jafnt?
6. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að tiltekið hlutfall kosningarbærra manna geti krafist þess að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu?

Fylgiskjal II.**Skipting já- og nei-svara í Þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012.**

	Fjöldi atkvæða			Hlutfall	
	Alls	Já	Nei	Já	Nei
Spurningar					
1. Tillögur stjórnlagaráðs	109.811	73.509	36.302	66,9	33,1
2. Náttúruauðlindir	102.230	84.760	17.470	82,9	17,1
3. Þjóðkirkjan	102.369	58.455	43.914	57,1	42,9
4. Persónukjör	100.111	78.451	21.660	78,4	21,6
5. Jafnt vægi atkvæða	100.243	66.653	33.590	66,5	33,5
6. Þjóðaratkvæði	99.073	72.633	26.440	73,3	26,7

Heimild: Hagtíðindi 2013:1, 18. apríl 2013, bls. 13.